

Ed.

695. Nefndarálit

[251. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

7. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd með þessum hætti: Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu fiskimálaráðs og skal hann vera fulltrúi aðila fiskiðnaðarins, tveir eftir tilnefningu nemenda Fiskvinnsluskólans úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára. Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal nánar kveðið á í reglugerð.

Alþingi, 3. apríl 1974.

Ragnar Arnalds, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Auður Auðuns, með fyrirvara.
Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.	Ásgeir Bjarnason.	Jón Árm. Héðinsson.
	Steingr. Hermannsson.	